

henni til stuðnings. Þeim var af hálfu stefnenda mótmælt sem óstaðfest-um fyrir dómi. Fallast verður á þá skoðun umboðsmanns stefndu, að hann hafi ekki haft tök á að fá vottorð þessi staðfest, meðan beðið var eftir endanlegri úrlausn þess, hvort honum heimilaðist að annast meðferð málsins hér fyrir dómi. Vegna þeirra mótmæla, sem vottorð þessi hafa sætt af hálfu stefnenda, þykir, eins og á stendur, rétt að heimila stefndu að leiða vottorðsgefendur fyrir dóm til að staðfesta sönnunargildi vottorðanna, enda verður ekki séð, að það þurfi að hafa í för með sér frekari drátt á munnlegum flutningi málsins.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmanninum Jóni Kristóferssyni skipstjóra.

Því úrskurðast:

Hin umbeðna vitnaleiðsla skal fara fram.

Miðvikudaginn 7. marz 1951.

Nr. 6/1950. **Gunnar Ólafsson** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

Jóhönnu Magnúsdóttur og

Brynjúlfi Magnússyni og

gagnsök (Ragnar Ólafsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Meinyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur upp kveðið Freymóður Þorsteins-son, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 20. janúar 1950. Krefst hann algerrar sýknu af kröf-um gagnáfrýjenda í málinu og málskostnaðar úr hendi þeirra bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 28. janúar 1950. Krefjast þau þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdóms um ómerkingu ummæla, að aðaláfrýjanda verði dæmd þyngsta refsing, sem lög leyfa, fyrir ummælin og að hann verði dæmd-ur til að greiða gagnáfrýjendum hæfilega fjárhæð til að

standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti. Svo krefjast gagnáfrýjendur og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Vegna ummæla í forsendum héraðsdóms athugast, að ekki verður séð af gögnum málsins, að krafa hafi komið fram af hendi Jóhanns Þorsteinssonar á Litla-Ármóti til fógeta um útburð á Ólafi Þórðarsyni í Efra-Sumarliðabæ fyrr en árið 1895.

Ummæli þau, sem stefnt er fyrir, eru mjög meiðandi fyrir minningu föður gagnáfrýjenda. Ekkert er fram komið, sem bendi til, að faðir gagnáfrýjenda hafi, eins og gefið er í skyn í ummælunum, falsað bókun í réttarbók, sem gerð var í þinghaldi 10. júní 1895. Þá verður ekki heldur talið samkvæmt gögnum málsins, að faðir gagnáfrýjenda hafi í nefndu þinghaldi hagað orðalagi samkomulags þess, er hann bókaði, í því skyni að halla rétti föður aðaláfrýjanda, þó að yfirrétturinn skýrði samkomulag þetta þannig, að það ætti að varða frávísun málsins frá yfirréttinum.

Samkvæmt framansögðu ber eftir 240. gr. laga nr. 19/1940 að dæma aðaláfrýjanda til að greiða sekt til ríkissjóðs, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 2500.00, og komi varðhald 15 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Svo ber og að staðfesta ákvæði héraðsdóms um ómerkingu á ummælunum og að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjendum kr. 200.00 til að standast kostnað af birtingu dóms í opinberu blaði eða riti. Eftir þessari niðurstöðu þykir rétt, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Það athugast, að mál þetta hefur verið flutt skriflega í héraði, án þess að séð verði, að ástæða hafi verið til þess.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Gunnar Ólafsson, greiði 2500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Akvæði héraðsdóms um ómerking ummæla staðfestist.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum, Jóhönnu Magnúsdóttur og Brynjúlfi Magnússyni, kr. 200.00 til að standast kostnað af birtingu dómsins í opinberu blaði eða riti.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 1800.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Vestmannaeyja 24. nóv. 1949.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 7. þ. m., er höfðað fyrir bæjarþingi Vestmannaeyja af Jóhönnu Magnúsdóttur lyfsala, Laugaveg 40, Reykjavík, og Brynjúlfi Magnússyni fulltrúa, Flókagötu 14, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 26. apríl 1949, birtri 27. s. m., á hendur Gunnari Ólafssyni kaupmanni, Bárugötu 13, Vestmannaeyjum, til ómerkingar og refsingar fyrir meiðandi ummæli um föður þeirra, er stefndi viðhafði um hann í bók sinni, Endurminningum, er út kom í desember 1948 hjá bókaútgáfu Guðjóns Ó. Guðjónssonar í Reykjavík.

Hin umstefndu ummæli eru svohljóðandi:

„Þá var Magnús Torfason orðinn sýslumaður í Rangárvallasýslu, og hafði hann nú, eins og Kristín systir segir, framkvæmt það, sem fyrirrennar hans í embættinu höfðu aldrei fengist til að gera. Hann var af fjölda fólks grunaður um að hafa lagfært bókunina við útburðinn af jörðinni þannig, áður en hún komst fyrir landsyfirréttinn, að útburðargerðin fékkst þar staðfest. Ekki einn einasti maður, sem til þekkti, trúði því, að Ólafur í Sumarliðabæ hefði gert það tvennt í senn, að neita að standa upp af jörðinni og samþykkja með undirskrift sinni að fara.“

Stefnendur gera þær réttarkröfur, að ofangreind ummæli verði dæmd dauð og ómerk, að stefndi verði dæmdur til þyngstu refsingar, sem lög leyfa, fyrir þau, að hann verði dæmdur til að greiða kostnað við opinbera birtingu væntanlegs dóms í málinu, og að hann verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndi hefur mætt í málinu og gert þær réttarkröfur, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnenda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu.

Í málinu liggja fyrir nokkrar upplýsingar varðandi þá atburði, sem hin umstefndu ummæli lúta að. Lögð hefur verið fram útskrift úr fógeta-réttarbók Rangárvallasýslu, ljósmyndir af úrskurði sýslumanns í útburðarmálinu ásamt eftirfarandi samkomulagi aðilja, eftirrit af grein, er faðir stefnda, Ólafur Þórðarson, skrifaði um málið og birt var í Fjallkonunni 30. sept. 1896, vottorð frá ýmsum mönnum, er mundu atburðina eða heyrðu um þá talað, o. fl. Samkvæmt þessum gögnum eru tildrög ummælanna eftirfarandi:

Ólafur Þórðarson, faðir stefnda, bjó í 35 ár á Efri-Sumarliðabæ í Holt-

um. Hafði hann fengið jörðina á leigu 1861 af Filippusi Þorsteinssyni í Bjólu og var landseti hans í 24 ár. Í byggingarbréfi, er Filippus lét Ólafi í té og útgefið var 10. maí 1862, áskildi hann sér rétt til að byggja honum út með þessum orðum: „En fari svo, að ég, mínir eða þeir, er kynnu að verða téðrar jarðar aðnjótandi, þyrftu hennar nauðsynlega með til ábúðar, þá skal hann skyldur að víkja frá henni án frekari fyrirhafnar“. Þessa ákvæðis neytti Filippus aldrei. Er Filippus andaðist, varð dóttir hans, Guðbjörg, og maður hennar, Jóhann Þorsteinsson, sem síðar bjuggu að Litla-Ármóti, eigendur hálfrar jarðarinnar. Eftir því sem Ólafur Þórðarson segir sjálfur frá, féll vel á með honum og Filippusi Þorsteinssyni, en samskipti hans og Jóhanns Þorsteinssonar urðu nokkuð á annan veg. Fjörum sinnum byggði Jóhann honum út af jörðinni. Fyrst byggði hann Ólafi út af allri jörðinni, og kom það mál til úrlausnar H. E. Johnssonar, er þá var sýslumaður í Rangárvallasýslu. Lyktaði því á þann veg, að sýslumaður synjaði um að bera Ólaf út af jörðinni, og, að því er virðist, vegna þess að Jóhann brast heimild til úthyggingar frá tengdamóður sinni, ekkju Filippusar Þorsteinssonar, er átti jörðina hálfa, og einnig vegna þess að Jóhann hafði sjálfur góða jörð til ábúðar og þurfti því ekki á Efri-Sumarliðabæ að halda til ábúðar fyrir sjálfan sig. Í næsta skipti, er Ólafi var byggt út af jörðinni, leiddi úthyggingin ekki heldur til þess, að hann þyrfti að víkja, en hvort málið kom þá fyrir sýslumann, sést ekki af skjölum málsins. Svo dó tengdamóðir Jóhanns Þorsteinssonar, og varð þá hann og kona hans eigendur mestallarar jarðarinnar. Samkvæmt frásögn Ólafs Þórðarsonar bauð Jóhann honum þá nýtt byggingarbréf fyrir sínum hluta í jörðinni og vildi um leið hækka landskuldina um helming. Þessu vildi Ólafur ekki ganga að, og byggði Jóhann honum þá út í þriðja sinn og leigði jafnframt stjúpdóttur sinni, dótturdóttur Filippusar Þorsteinssonar, og manni hennar, Hannesi Magnússyni, eignarhluta sinn í jörðinni. Ólafur neitaði að víkja, og bað Jóhann því sýslumanninn, er þá var Magnús Torfason, að bera hann út. Sýslumaðurinn kom að Sumarliðabæ 10. júní 1895 og tók þar málið fyrir. Ólafur Þórðarson hélt uppi vörnum og taldi sér óskýlt að hlýðnast úthyggingunni og lagði fram skriflega vörn. Að því er virðist, byggði hann vörn sína á eftirfarandi: Að úthyggingarbréfið væri ekki löglega birt, að úthyggingarheimild byggingarbréfsins ætti aðeins við, er Filippus Þorsteinsson eða börn hans þyrftu á jörðinni að halda, en hins vegar ekki, er um barnabörn hans væri að ræða, að ósannað sé, að ekki hafi verið unnt að útvega stjúpdóttur Jóhanns annað jarðnæði, og að úthyggingin taki ekki til allrar jarðarinnar, heldur aðeins til eignarhluta Jóhanns og sé því markleysa. Að málflutningi loknum, kvað sýslumaður upp úrskurð í málinu sama dag, og var hann á þá leið, að varnir Ólafs Þórðarsonar voru ekki teknar til greina og hann skyldaður til að víkja af eignarhluta Jóhanns í jörðinni, en hann var 11.C 86 álnir. Hélt því Ólafur áfram ábúðarrétti á 1.C 64 álnum, þar sem öll jörðin var að dýrleika 13.C 30 álnir. Í úrskurðinum var það af jarðarhúsum, sem svaraði til 1.C 64 álnum úr allri jörðinni, samkvæmt virðingu úttektaarmanna (svo). Eftir uppkvaðningu úrskurðar-

ins varð samkomulag viðtakanda jarðarinnar og Ólafs Þórðarsonar um skiptingu jarðarhúsa og hvernig skuli fara um skiptingu túns og engja, og er það bókað í fúgetaréttarbókina á þessa leið:

„Þegar hér var komið, bauð aðfarandi jarðarinnar, Hannes Magnússon, Ólafi Þórðarsyni, að hann mætti vera í baðstofunni, er jörðinni fylgir, og nota fjósið og bæjarhús, að því leyti hann sjálfur eigi við þyrfti, móti því, að Hannes fengi stofuhús, sem er undir baðstofunni, fyrir sig og sitt fólk, en þangað til það yrði úr garði gert, skyldi Ólafur sjá Hannesi fyrir húsrúmi í baðstofu sinni. Enn fremur ljær Ólafur Hannesi hús fyrir hesta. Um tún og engjar fer eftir skiptum úttektarmanna. Ólafur Þórðarson gengur að þessum skilmálum, og skrifa þeir nöfn sín undir, sætt þessari til staðfestingar“.

Undir þetta rita þeir báðir, Hannes Magnússon og Ólafur Þórðarson. Síðan segir, að fúgetabókin hafi verið upplestin og samþykkt. Svo var rétti slitid og fúgetaréttarbókin undirrituð af Ólafi Þórðarsyni og Jóhanni Þorsteinssyni.

Úrskurði sýslumanns áfrýjaði Ólafur Þórðarson til Landsyfírréttarins. Urðu lyktir málsins þar, að því var vísað frá yfírréttinum, vegna þess að það væri „útkljáð með löglegri sætt“. Var þar átt við samkomulag þeirra Hannesar Magnússonar og Ólafs Þórðarsonar, sem hér að ofan er tilfært og yfírrétturinn áleit, að gert hefði verið með fullu samþykki Jóhanns Þorsteinssonar, þar sem hann hefði undirritað gerðina athugasemdarlaust.

Nokkru eftir að úrskurður sýslumanns féll, keypti Jóhann Þorsteinsson þann litla jarðarhluta, sem Ólafur bjó þá á, og byggði honum síðan út í fjórða skiptið veturinn eftir (1895—1896). Flutti Ólafur þá burt af jörðinni, án þess að málið kæmi að nýju fyrir sýslumann. Segir hann svo sjálfur frá, að sig hafi ekki fýst að búa á svo litlum parti, og einnig hafi hann getað búizt við, að sér kynni að verða fátt til málsbóta, ef hann færi að óhlýðnast útbýggingunni. Hafði hann þá búid í 35 ár á jörðinni, eins og áður er getið, og búid þar myndarbúi og endurbætt jörðina á ýmsan hátt og hlotið viðurkenningu fyrir með styrk af opinberu fé. Hafði hann sjálfur kosið að mega ala aldur sinn á þessum stað og féll þungt að verða að flytjast þaðan. Var hann, er þetta gerðist, hniginn að aldri, fæddur 17. ágúst 1829, og sum börn hans ekki komin úr ómegð. Kveðst hann sjálfur hafa komizt á vonarvöl við það að vera hrakinn burtu af jörðinni.

Í ofangreindri blaðagrein Ólafs Þórðarsonar er nokkuð veitizt að Magnúsi Torfasyni fyrir afskipti hans af málinu. Hvergi er þó vikið að því, að hann hafi breytt eða lagfært bókunina við útburðinn, eftir að fúgetaréttarbókin var undirrituð. Hins vegar er gefið í skyn, að hann hafi ekki gætt tilhlýðilegs hlutleysis, og það hafi verið sök hans, að efnisdómur fékkst ekki í málinu fyrir Landsyfírrétti. Hann viðurkennir, að samkomulag hafi orðið milli sín og viðtakanda jarðarinnar, eftir að úrskurður sýslumanns var kveðinn upp, um skiptingu jarðarhúsa og jarðarinnar sjálfrar, en sín meining hafi verið sú, að þetta ætti aðeins að vera til bráðabirgða, þangað til dómur gengi í Landsyfírrétti, enda kveðst hann hafa margsinnis lýst

því yfir í réttinum, að hann ætlaði sér að áfrýja málinu. Sýslumaður hafi bókað samkomulagið óumbeðinn og nefnt það sætt, en hins vegar látið hjá liða að geta þess um leið, að hann (Ólafur) ætlaði sér að áfrýja málinu. Bogi Ólafsson yfirkennari, bróðir stefnda, hefur staðfest þessa frásögn föður síns í bréfi, sem lagt hefur verið fram í málinu. Hann var viðstaddur réttarhaldið og segir, að faðir sinn hafi marglýst því yfir, að þessi samningur um húsaskipti mætti ekki skoðast sem sætt, því hann ætlaði sér að áfrýja. Þá getur Bogi Ólafsson þess einnig, að sýslumaður hafi í upphafi lítið svo á, að faðir sinn hefði ekki einu sinni rétt til að sitja áfram á þeim hluta jarðarinnar, sem útbýggingin náði ekki til, og haft orð á því, að til þess yrði hann að hafa sérstakt byggingarbréf fyrir þeim parti. Faðir sinn hafi hins vegar haldið því fram, að gamla byggingarbréfið væri nægjanlegt. Um þetta hafi þeir þráttað allengi, en loks var sent út að Þjóðólfsþaga eftir Lagasafni handa alþýðu, er þar var til. Er lagasafnið kom, og sýslumaður hafði kynnt sér þá lagastaði, er við áttu, hafi hann komið að þeirri niðurstöðu, að Ólafur Þórðarson hefði rétt fyrir sér, og ekki væri unnt að bera hann út af allri jörðinni.

Lögð hafa verið fram vottorð frá 11 mönnum, sem búsettir voru í nágrenni við Efri-Sumarliðabæ, er útburðargerðin fór fram. Segir í vottorðum þessum, að sá orðrómur hafi komið á, eftir að málsskjólin urðu kunn, að sýslumaður hefði verið hlutdrægur og ekki bókað allt sem réttast í réttarbókina, sumir kveða fastar að orði, og segja, að talið hafi verið, að sýslumaður hefði breytt bókuninni eftir á Ólafi í óhag. Flestir vottorðsgefendur taka fram, að þeir viti ekkert um, hvort orðrómur þessi hafi verið sannur eða ósannur. Vottorðum þessum hafa stefnendur mótmælt sem röngum, en ekki sem óstaðfestum..

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu á þeim ástæðum, að með hinum umstefndu ummælum skýri hann aðeins frá orðróm, sem sannarlega gekk um héraðið, eftir að útburðargerðin fór fram, án þess að hann tæki nokkra afstöðu til hans. Þá telur hann, að stefnendur eigi engan rétt til málshöfðunar, þar sem faðir þeirra hafi sjálfur afsalað sér málshöfðunarrétti með því að nota þann rétt ekki til þess að hnekkja þessum orðrómi, sem honum hafi hlotið að vera kunnugt um, né til þess að koma fram ábyrgð á hendur föður sínum fyrir meiðandi ummæli í blaðagrein hans, er gengur í sömu átt og grunur almennings. Loks telur stefndi, að orðrómurinn muni vera réttur, hafi Magnús Torfason bæði verið hlutdrægur í málinu, og ástæða sé til að ætla, að síðustu orðin í bókuninni: „Sætt þessari til staðfestingar“ séu viðbót sýslumanns, eftir að fógetabókin hafði verið undirrituð.

Eins og áður er að vikið, hafa verið lagðar fram í málinu ljósmyndir af tveimur opnum úr fógetaréttarbókinni, þar sem úrskurðurinn og eftirfarandi bókun ásamt undirskriftum er innfærð. Ljósmyndirnar sýna, að bókin er vel og greinilega rituð með hendi Magnúsar Torfasonar sjálfs. Bókin er óstrikuð, en eðlilegt og nokkurn veginn jafnt bil er milli lína frá upphafi til enda. Hvergi er skrifað milli lína, að því undanskildu, að á tveimur stöðum er orði bætt inn í, sem bersýnilega hefur fallið niður

fyrir vangá. Útstrikanir eru engar í úrskurðinum né í eftirfarandi bókun um ofangreint samkomulag. Stærð stafa, gerð og áferð, bilið milli stafa og milli orða virðist alls staðar hið sama og ritað með sama penna og sama bleki. Allt þetta bendir ótvírætt til, að alls engar breytingar hafi verið gerðar á bókuninni eftir á. Rétt er að vísu, að svo hagar til á síðu, að unnt hefði verið að bæta við eftir á orðunum: „Sætt þessari til staðfestingar“, án þess að missmiði sæjust. Rithandarblærinn á þessum orðum er í engu frábrugðinn því, sem á undan er ritað, og í blaðagrein Ólafs Þórðarsonar, sem áður er getið, er það óbeinlínis viðurkennt, að þessi orð hafi staðið í bókuninni, er hann undirritaði hana. Segir þar, að sýslumaðurinn hafi bókað óumbeðið samkomulag þeirra Hannesar Magnússonar og nefnt það sætt, og síðan hafi þeir Hannes báðir ritað undir nöfn sín. Virðist ljóst af því, er nú hefur verið greint, að það er tilhæfulaust með öllu, að Magnús Torfason hafi breytt eftir á eða lagfært bókunina við útburðargerðina. Sú sýknuástæða stefnda, að orðrómurinn, er hann skýrir frá, hafi verið sannur, verður því ekki tekin til greina.

Ekki verður heldur unnt að fallast á hinar sýknuástæður stefnda. Óheimilt verður að telja, að skýra frá ærumeiðandi orðrómi á þann hátt, sem hér er gert, og það allt að einu, þótt nokkrar sönnur séu að því færðar, að slíkur orðrómur hafi verið á sveimi. Málshöfðunarréttur verður ekki heldur talinn glataður af þeim ástæðum, sem stefndi færir fram, þar eð afskiptaleysi um tiltekin meiðyrði, leiðir ekki til þess, að hver og einn geti síðar viðhaft þau óátalið. Auk þess ganga ummæli stefnda mun lengra en áðakanir föður hans í Fjallkonugreininni og, að því er ætla má, einnig lengra en sá orðrómur, er þá var á sveimi um málið, því umrædd blaðagrein hefur hlotið að ráða miklu um, hvernig talað var um málið í héraðinu.

Öll hin umstefndu ummæli verður að telja ærumeiðandi, og þar sem stefnda hefur ekki tekizt að réttlæta þau, eins og ofanritað ber með sér, þykir bera að dæma þau dauð og ómerk. Svo þykir og bera að dæma stefnda í refsingu fyrir þau. Magnús Torfason lézt 14. ágúst 1948 og var því látinn, er hin umstefndu ummæli birtust. Brot stefnda heimfærisk því undir 240. gr. alm. hegningarlaga.

Við ákvörðun refsingarinnar þykir rétt að hafa í huga eftirfarandi: Samkvæmt þeim gögnum og upplýsingum, sem hér að framan eru rakin, verður ekki komizt hjá því að álykta, að Magnús Torfason hafi átt nokkra sök á, hvernig úrslit málsins urðu í Landsyfirréttinum og að efnisdómur fékkst þar ekki í málinu, þótt hins vegar sé ósannað, að honum hafi gengið hlutdrægni til. Afdrif málsins virðast hafa haft óvenjulega þungbærar afleiðingar fyrir föður stefnda, svo ekki getur talizt óeðlilegt, þótt nokkurrar beiskju gæti hjá börnum hans í garð þeirra, sem á einn eða annan hátt studdu að framgangi þess. Með tilliti til þess og annarra atvika málsins þykir refsing stefnda hæfilega ákveðin 600 króna sekt í ríkissjóð, er stefnda ber að greiða innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, og sæti ella varðhaldi í 7 daga.

Svo þykir og rétt að dæma stefnda til þess að greiða stefnendum kr. 600.00 í málskostnað.

Þá þykir og bera að taka til greina kröfu stefnenda um greiðslu kostnaðar við birtingu atriðisorða dóms þessa og hluta af forsendum hans, eftir því sem ástæða er til, samkvæmt því, sem segir í 241 gr. alm. hegningarlaganna. Þykir birtingarkostnaðurinn hæfilega ákveðinn kr. 200.00, er stefnda ber að greiða.

Stefnendur hafa krafizt þess, að stefndi verði dæmdur fyrir ósæmilegan rithátt í máli þessu, án þess þó að tilgreina nokkur ákveðin ummæli. Eftir atvikum þykir ekki ástæða til að verða við þeirri kröfu.

Því dæmist rétt vera:

Framangreind ummæli skulu vera dauð og ómerk.

Stefndi, Gunnar Ólafsson, greiði kr. 600.00 í sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 7 daga.

Hann greiði stefnendum, Jóhönnu Magnúsdóttur og Brynjúlfi Magnússyni, kr. 600.00 í málskostnað og kr. 200.00 í birtingarkostnað dómsins í opinberu blaði eða riti í samræmi við ofanritað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 12. marz 1951.

Nr. 9/1951. **Sigurður Sigurðsson** (Magnús Thorlacius)
gegn

Brandi Brynjólfssyni og
Lúðvíg Eggertssyni (Enginn).

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jóns Ásbjörnssonar og hrd.
Jónatans Hallvarðssonar.

Dómi og fjárnámsgerð áfrýjað til staðfestingar.

Dómur Hæstaréttar.

Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi borgardómara í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða dóm, og fjárnámsgerð þá, sem áfrýjað er, hefur framkvæmt Þórhallur Pálsson, fulltrúi borgarfógeta í Reykjavík.